

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
Stjórnarfundur nr. 2	Dagsetning:	2. september 2020	Tími: 12:00 – 13:30
Fundarstaður:	Valhöll, Hálaleitisbraut 1, 105, Reykjavík		
Fundarstjóri:	MH		
Ritari:	ÁB		
Á fundinn mættu:	Árni Bragason (ÁB), Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Harpa Þórsdóttir (HP), Kristján Sverrisson (KS), Margrét Hauksdóttir (MH), Steinn Jóhannsson (SJ) og Dagrún Hálfánardóttir, framkvæmdastjóri félagsins.		
Fjarverandi:			

## Fundargerð stjórnarfundar FFR 2. september 2020

### 1. Fundargerð 9. júní 2020

Fundargerð fundar stjórnar þann 9. júní 2020 samþykkt.

### 2. Stefnumótun FFR

Framhald umræðna frá síðasta fundi.

Ákveðið að leggja áherslu nú á að ræða stefnumótun félagsins næstu mánuði vegna aðstæðna í þjóðfélaginu (Covid). Í framhaldinu má svo gera stefnumótun til næstu tveggja ára.

*Heimsóknir á stofnanir.* Gallinn við slíkar heimsóknir að það er erfitt fyrir forstöðumenn úti á landi að sækja heimsóknir sem flestar fara fram á höfuðborgarsvæðinu.

Ákveðið að senda könnun á félagsmenn; kanna hug þeirra til þess hvað brennur á þeim /hvað er praktískt núna. KS og DH koma með tillögur að spurningum. Í framhaldinu mun stjórn mögulega halda hálfan vinnudag til að ljúka við stefnumótun.

Annað sem var rætt undir þessum dagskrárlíð:

*Næsti félagsfundur:* Stefnum á félagsfund í október og efni hans ræðst af því sem fram kemur í könnun.

*Streymi félagsfunda.* Í ljósi þess að streymi funda er dýrt er ekki beint ástæða til að streyma þeim nema þörf sé á að taka við fyrirspurnum á fundinum. Ella skynsamlegra að taka fundina upp og hafa þá aðgengilega á upptöku.

*Nýir félagsmenn:* Rætt hvernig kynna má félagið fyrir nýjum forstöðumönnum. Ákveðið að DH taki saman upplýsingar um starfskjör og reglur sem gilda um forstöðumenn.

### 3. Haustferð FFR

Fyrirhuguð haustferð FFR er 16. september nk. Tuttugu og fjórir hafa samþykkt fundarboð í ferðina. Mjög fáir hafnað. Í ljósi COVID-aðstæðna var ákveðið að fresta ferðinni þar til aðstæður hafa breyst til hins betra.

#### 4. Heimboð Umhverfisstofnunar

Forstjóri Umhverfisstofnunar hefur áhuga á að bjóða félagsmönnum í heimsókn. Stefnt að slíkri heimsókn í október.

#### 5. Beiðni félagsmanns um fjárstuðning til að standa undir kostnaði við rekstur stjórnarsýslumáls og mögulega dómsmáls

Viðkomandi félagsmaður gerði grein fyrir máli sínu á fundi með fulltrúum FFR þann 22. júní sl. Í framhaldinu leitaði hann til lögfræðistofu sem komst að því að í máli forstöðumannsins væri haldbær málsgrundvöllur til að krefja ráðherra um greiðslu skaðabótaskylds tjóns sem hann varð fyrir vegna málsmeðferðar kjararáðs á sínum tíma. Mat á kostnaði við slíka undirbúningsvinnu væri 15-30 klst. vinna lögmanns (396-792 þúsund utan vsk.). Næðist ekki sátt við ráðherra hefði viðkomandi þau úrræði að stefna ráðherra til greiðslu tjónsfjárhæðar. Að mati lögfræðistofunnar var áætlaður kostnaður við rekstur dómsmáls um 1.500 þúsund kr. utan virðisauka. Umræddur félagsmaður óskar eftir stuðningi FFR til að standa undir framangreindum kostnaði.

Þegar stjórn hafa borist beiðnir af þessu tagi hefur verið litið til þess hversu fordæmisgefandi málið er fyrir félagsmenn. Að mati stjórnar er umrætt mál í sjálfu sér ekki fordæmisgefandi. Engu að síður var ákveðið að veita viðkomandi félagsmanni styrk til samræmis við aðra félagsmenn sem fengið hafa slíka styrki, þ.e. fjárstyrk sem nemur allt að 10 klst. vinnu lögfræðings í stjórnarsýslumálinu, og ef til dómsmáls kæmi, þá styrkur allt að einni milljón króna.

#### 6. Ráðuneytisstjórar/skrifstofustjórar

Framhald umræðna frá síðasta fundi. Ákveðið að DH og MH hitti ráðgjafa og óski eftir hagfræðilegum samanburði á ábyrgð og starfsöryggi forstöðumanna versus skrifstofustjóra/ráðuneytisstjóra m.t.t. launa.

#### 7. Erindi frá Dale Carnegie

Félaginu barst tölvupóstur frá Unni Magnúsdóttur eiganda Dale Carnegie. Ákveðið að bíða með samstarf af þessu tagi og sjá til hvað félagsmenn segja í könnuninni.

#### 8. Erindi vegna gervigreindar, Héðinn Steinn Steingrímsson

Ákveðið að sjá hvað félagsmenn segja í könnuninni.

#### 9. Fjölmiðlanámskeið í haust

Á sínum tíma var rætt um að halda fleiri fjölmiðlanámskeið með haustinu. Einnig var rætt um möguleikann á að halda eitt „get-together.“ DH kannar annars vegar með fleiri námskeið og hins vegar „get-together.“

Félagið sótti um styrk í starfsmenntunarsjóð vegna þessa námskeiðs en umsókninni hefur ekki verið svarað. Ákveðið að ítreka umsóknina.

## 10. Heimasíðan

Umræður um hvort að hluti af heimasíðunni, s.s. fundargerðir og ákveðnar skýrslur, ætti að vera á lokuðu svæði, t.d. með notkun rafrænna skilríkja, eða notendanafni og lykilorði. DH kannar óformlega kostnað við slíkt.

## 11. Önnur mál:

- Leiðbeinandi reglur um hvernig stofnanir geta létt á kostnaði. Hleypa fólki t.d. fyrir á eftirlaun. Þetta ætti að vera hluti af aðgerðapakka, rýma til fyrir yngra fólki á atvinnuleysisrá. Ákveðið að taka upp á næsta fundi með KMR, þ.e. hvort þetta sé á döfinni.
- Reglur um samninga forstöðumanna um starfslok. Samkvæmt 3. mgr. 39. gr. c. setur ráðherra reglur um við hvaða aðstæður forstöðumanni er heimilt að gera samning um starfslok og helstu efnisþætti slíks samnings. Drög að reglum hafa verið til meðferðar hjá ráðuneytinu í tvö ár. Kanna stöðu þessa máls á næsta fundi með KMR.